

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

VEGAGERÐ UM TJÖRNES - KÖNNUNARHOLUR Í LANDI HÉÐINSHÖFÐA

GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐARINNAR, AKUREYRI

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, október 1995

Þann 13. október s.l. voru grafnar nokkrar könnunarholur með beltagröfu af Atlasgerð, í landi Héðinshöfða á Tjörnesi. Tilgangurinn var að kanna nánar útbreiðslu groddalegs jökulársets, sem finnst efst í gamalli námu á landamerkjum Eyvíkur og Héðinshöfða (mynd 1).

Úr þessari námu hefur verið unnið mikið efni á umliðnum árum og hefur efnistakan aðallega verið í neðri hluta námunnar, en sá hluti tilheyrir Eyvík. Úr þeim hluta námunnar hefur mest verið unnninn jökulruðningur, en eitlar af nokkuð hreinni möl finnast á milli jökulruðningslaga. Vinnsla malareitlanna hefur verið erfið vegna þess að jökulruðningslögin eru þykk og oft samtvinnuð mölinni.

Efst og hæst í námunni (u.b.b. 50 m y.s.) er annað malarlag, sem er gert úr grófri möl með stórum steinum og hnullungum. Þarna er námustálið um 2.5 m hátt og í gryfjubotni er um 1 m niður á harðan jökulruðning. Ofan og austan við námuna eru flatir móar, sem talið var að möl gæti leynst undir. Þótti því nauðsynlegt að grafa þar holur til að kanna nánar útbreiðslu malarinnar (myndir 2 og 3).

Hugmyndin er að nota grófu mölina í neðst í neðra burðarlags. Mölin hefur nokkuð góða kornadreibingu (mynd 4), en er ekki sterkt, því að bergerð hennar er sú sama og berggrunnsins í nágrenninu, en hann er gamalt, ummyndað og krosssprungið basalt.

Niðurstöður könnunarinnar eru þær að goddaleg hnullungamöl kom fram í öllum holum í mónum (ca. $100 \times 100 = 10.000 \text{ m}^2$) (sjá mynd 1). Ofan á mölinni er 0.2-0.9 m þykkt moldarlag (að jafnaði 0.5 m þykkt). Þarna byrfti því að fjarlæga um 5.000 m³ af jarðvegi. Ofan á mölinni finnst að auki auðgræfur fínkorna jökulruðningur (0.5-1.0 m þykkur). Búast má við að fjarlægja byrfti svipað magn af jökulruðningi og af mold (ca. 5.000 m³). Jökulruðningurinn finnst ekki í suð-austurhorni móanna, en þar er grófur sandur ofan á mölinni, sem nota mætti í burðarlag (holur 3 og 4, mynd 2).


Nokkur óvissa er um þykkt malarinnar, en svo virðist sem hún hafi lagst yfir ósléttan jökulruðning (sjá holu 3, mynd 2). Í námustáli er þykkt um 3.5 m og í holunum var hvergi farið niður úr mölinni nema í holu 3 (mynd 2), en þar er þykkt vinnanlegs efnis um 1.7 m. Magntölur rokka því á milli 15.000-30.000 m³, eftir því hve bjartsýnir menn eru. Það eykur á bjartsýnina að þykk möl (ca. 3 m) finnst ofarlega í lækjargilinu sunnan við námuna í svipaðri hæð og efsta og austasta holan (hola 4) (sjá mynd 1).

Erfitt var að grafa í mölina vegna þess hve þéttþökkuð og hörð hún reyndist. Mölin er ekki samlímd, svo sennilega er ástæðunnar að leita í upphaflegu setmyndunarumhverfi, aldri og því að jöklar hafa skriðið yfir hana. Pökkunin getur valdið nokkrum erfiðleikum í vinnslu, en hún er vel rippaleg eða græf í stáli. Varhugavert getur verið að vinna þessa námu með jarðýtu því að í malarseti af þeiri gerð sem hér finnast, leynast oft linsur af fínkorna efni, sem oftast er jökulruðningur. Rétt er þó að taka fram að engin slík lög


komu fram í könnunarholunum. Líklega væri rétt að haugsetja mölina til að forðast blöndun við aðrar kornastærðir. Það mætti auðveldlega koma fyrir stórum efnishaugum í neðri hluta námunnar.

Neðan við efstu gryfjuna og flötu móana er strax komið í finefnaríkan og harðan jökulruðning (hola 1, sjá mynd 1). Malareitlar finnast þó neðar og sést í suma þeirra í gryfjuveggjunum. Óvist er þó, hvort það borgi sig að vinna þá, en landeigandi tók þar efni fyrir áratugum síðan. Rétt er að hafa þetta í huga og kanna þessa malareitla betur samhliða því að unnið verður í námunni.

Að lokum er rétt að geta þess að leyfi til efnistöku hefur einungis fengist í landi Héðinshöfða, en efnistakan verður nánast á landamerkjunum við Eyvík. Því er nauðsynlegt að hafa gott samráð við Héðinshöfðamenn, en þar í forsvari er Jónas Bjarnason (s. 464 1949).



Mynd 1 Staðsetning könnunarholna við gamla efnisgryfju á landamerkjum Eyvíkur og Héðinshöfða. Hugsanlegt námusvæði er rissað inn.



Mynd 3 Könnunarholur 7-10 við landamerki Eyvíkur og Héðinshöfða - staðsetning á mynd 1.

RANNSÓKN Á KORNASTÆRÐUM


Fyrir: Vg.
Náma: Eyvíkurnáma.Dags.: 24-JUL-95
Fr.af: R.J6.

Stöð	Gryfja	Dýpt	Votsigt	Þvngd	Raki	ys	Efnisfl	Frostfl	Efni	Sýni
			N	1355	10.4		GP-	F1/	BÓ	R-01

Efnisfl:

R-01: Möl, sendin möl, slæm kornad

Umsögn:

Markalínur: Burðarlags
Athugasemdir:

Mynd 4 - EYVÍK/HÉÐINSHÖFÐI